



Hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar  
Guðmundur M. Kristjánsson  
Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði

18.11.2019

Kæri Guðmundur,

Í framhaldi af fyrri fyrirspurnum um málið óskum við hér með eftir því að Hafnarstjórn Ísafjarðar tryggi fjármuni á árinu 2020 til að koma upp flotbryggjuaðstöðu fyrir farþegasiglingar í Þingeyrarhöfn.

Víkingar á Vestfjörðum er menningarfélag á Þingeyri sem á og rekur víkingaskiptið Véstein. Nú stendur yfir undirbúningur fyrir farþegasiglingar á víkingaskipinu um Dýrafjörð næstu sumur, en í ljós kemur að það er engin hafnaraðstaða boðleg á Þingeyri. Ein stutt flotbryggja er í höfninni og er hún þéttsetin fiskibátum.

Siglingar á Vésteini er einstök ferðaþjónusta af menningarlegum og umhverfislegum ástæðum. Hvergi annars staðar á Íslandi getur ferðafólk siglt á Víkingaskipi. Það er ótrúlegt því siglingatækni landnámsmanna er ástæða þess að til Íslands kom landnámsfólk og að hér var lífvænlegt frá 9. öld og langt fram á miðaldir. Sigling Vésteins er því leið til að viðhalda og miðla mikilvægum menningararfi. Sigling á Vésteini er einnig umhverfisvæn. Vésteinn er seglskip sem notar lítinn utanborðsmótor til að komast inn og út úr höfnum og ef vindar er óhagstæðir. Til samanburðar notar Vésteinn minna en 10 lítra af eldsneyti dag í fullum rekstri á meðan svokallaðir RIB bátar nota allt að 300 lítrum. Vésteinn er einstakt sjóskip. Það liggur vel í sjó og hljóðin sem upplifa má um borð, þegar siglt er í vindi svo seglin þenjast og marrar í köðlum og mastri eða þegar legið er í logni svo gljáfur í bárunni eru einu umhverfishljóðin, er einstök lífsreynsla. Þessari lífsreynslu viljum við miðla frá Þingeyri.

Það er því ósk Víkinga á Vestfjörðum að Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar komi upp flotbryggju á Þingeyri svo sigla megi með farþega þaðan.

Fyrir hönd Víkinga á Vestfjörðum,

Ketill Berg Magnússon, formaður